

## Stefna Lífeyrissjóðs Rangæinga um ábyrgar fjárfestingar

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt gildandi lögum og samþykktum. Sjóðurinn hefur það að markmiði að hámarka ávöxtun á eignum sjóðfélaga til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig lífeyrisréttindi þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn leggur áherslu á málefni umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að þær ákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagaðila og samfélagið í heild.

Með ábyrgum fjárfestingum er átt við fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna. Stefna þessi markar stefnu Lífeyrissjóðs Rangæinga um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Varðandi gildissvið stefnu þessarar og stefnu sjóðsins í stjórnarháttum vísast til hluthafastefnu sjóðsins.

### Viðmið

Almennt horfir Lífeyrissjóður Rangæinga til lengri tíma í fjárfestingum sínum. Það er í samræmi við langtímaskuldbindingar sjóðsins sem fara saman við langtímasjónarmið um ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti í félögum sem hann fjárfestir í. Stefna þessa hefur sjóðurinn til hliðsjónar við einstakar fjárfestingarákvarðanir, eftirfylgni þeirra og við mótun fjárfestingarstefnu sinnar.

Almennt gerir sjóðurinn kröfu um að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda á þeim stað sem starfsemin fer fram. Einnig horfir sjóðurinn til alþjóðlegra meginreglna Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð, betur þekkt sem UN Global Compact, í fjárfestingum sínum.

### Aðferðir og framkvæmd

Við mat á fjárfestingum sem falla undir stefnu þessa fylgir sjóðurinn eftir stefnunni með því að kanna stefnu félaga með tilliti til fyrr tilgreindra viðmiða.

Almennt eru erlendar fjárfestingar sjóðsins í verðbréfasjóðum frekar en einstökum erlendum félögum. Við mat á rekstraraðila sjóða gerir sjóðurinn kröfu um að stefna þeirra í ábyrgum fjárfestingum sé könnuð og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar heildarmats við fjárfestingarákvörðun. Þannig þarf stefna rekstraraðila um stefnu í ábyrgum fjárfestingum ekki að vera skilyrði fyrir fjárfestingu heldur hluti af heildarmati hennar.

Komi í ljós að félag sem fellur undir stefnu þessa verði uppvíst að fráviki á grundvelli fyrr tilgreindra viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að félagið ráðist í viðeigandi úrbætur. Bregðist félagið ekki við umleitunum sjóðsins kann það að leiða til sölu sjóðsins á eignum í umræddu félagi. Við slíka ákvörðun er þó ávallt gætt ýtrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.